	Hafnarfjarðarbær
Innk:	25/8 2014
Málsnr:	1408300
Bréfal:	561



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Strandgötu 6.
220 Hafnafjörður.

Reykjavík 22. ágúst 2014
Tilvísun: 201402-0123


Efni : Úttekt á slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 2014

Við útsendingu úttektarinnar á slökkviliði höfuðborgarsvæðis gleymdist að senda svarbréf frá SHS með, er beðist velvirðingar á því og er það hér hjálagt í þessu bréfi.

Bestu kveðjur,
Bernhard Jóhannesson, sérfræðingur

Slökkviliðasvið / Fire Brigade Department
Mannvirkjastofnun
Iceland Construction Authority
Skúlagata 21, IS 101 Reykjavík
Tel: (+354) 5916000, Fax: (+354) 591 6001
bernhard@mvs.is

 Mannvirkja
stofnun





mál nr. 1408 200
mál nr. 561

Málalýkt:	6.4.04
Málsnr.:	201402-0123
22. JÚLÍ 2014	
Abm.:	BJ

Reykjavík, 17. júlí 2014

Mannvirkjastofnun
B.t. Bernhards Jóhannessonar
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Varðar: Úttekt MVS hjá SHS þann 20.03.14.

Mannvirkjastofnun (MVS) gerði úttekt á starfssemi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) þann 20. mars s.l. SHS barst bréf með gátlistum úttektarinnar þann 12. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn SHS.

SHS er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en byggðasamlagið gerir síðan samning við Kjósarhrepp um þjónustu. Í sendingarlistanum á bréfi MVS til sveitarfélagana vantar Mosfellsbæ.

Helstu atriði sem fram komu við úttektina og þarfnast úrbóta eru dregin fram í tveim töflum, gátlisti vegna útkalls slökkviliðs og skoðunarblað fyrir loftpressu, sjá hér að neðan, ásamt útskýringum á stöðu þeirra og hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar.

Gátlisti vegna útkalls slökkviliðs:

Atriði	Mat	Lýsing
2	þarfnast úrbóta	Ekk er allsstaðar nægjanlegt vatn og vatnsþrýstingur í sveitarfélaginu.
3	þarfnast úrbóta	Ekk er allsstaðar nægjanlegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist.
8	þarfnast úrbóta	Undirrituð brunavarnaáætlun er frá febrúar 2007. Endurskoðuð brunavarnaáætlun hefur ekki verið undirrituð.

- Varðandi atriði 2 og 3 þá eru ákveðin hverfi í Mosfellsbæ þar sem vinna þarf að úrbótum varðandi vatn og vatnsþrýsting. Þessi mál eru í vinnslu hjá SHS og Mosfellsbæ. Að öðru leiti lítur SHS svo á að vatnsmál séu í nokkuð góðu lagi og í stöðugri þróun s.s. vegna breytinga, lagfæringa og/eða uppbyggingu nýrra hverfa.
- Varðandi atriði 8, brunavarnaáætlunina þá var hún upphaflega gerð 2007. Sendar voru inn breytingar til MVS árið 2010 og hefur SHS unnið út frá þeirri áætlun síðan, en hún var aldrei formlega undirrituð. Ný brunavarnaáætlun verður unnin á vormanuðum 2014 til 2015 m.a. vegna tilkomu nýrrar starfsstöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.


Skoðunarblað fyrir loftpressu :

Atriði	Mat	Lýsing
2	Barfnast úrbóta	Lofinntak fyrir pressuna, sem uppfyllir kröfur um efnisgæði loflinntaks fyrir öndunarloft
3	Barfnast úrbóta	Uppsétning á loftpressu er ekki samþykkt af Mannvirkjastofnun
5	Barfnast úrbóta	Umsögn Vinnueftirlits liggur ekki fyrir.

- Unnið verður að lagfæringum á atriði 2, en skipt verður um loftinntak fyrir loftpressuna og stefnt er að því verði lokið í september nk.
- Varðandi atriði 3 og 5 þá telur SHS að öll atriði séu til staðar þegar búið er að skipta upp loftinntak. Í framhaldi verður unnið í því að fá samþykki MVS og umsögn Vinnueftirlitsins.

Undirritaður gerir ekki athugasemdir við úttektina.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.